



## DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### *Staðfesting á skipulagsskrá*

Skv. lögum um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá nr. 19 5. maí 1988, staðfestist hér með skipulagsskrá fyrir

### **Kolviðarsjóð**

sem fest er hér við og geymd er í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu í staðfestu ljósriti.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. júní 2006.

Fyrir hönd ráðherra

  
Haukur Guðmundsson



DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Bryndís Helgadóttir



Kr. 5.000  
Kv. 11929

# SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

## Kolviðarsjóð

### 1. gr. - Nafn og stofnendur

Sjóðurinn heitir Kolviður. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík. Stofnendur sjóðsins eru Skógræktarfélag Íslands og Landvernd.

Sjóðurinn er stofnaður með stuðningi ríkisstjórnar Íslands.

### 2. gr. – Markmið og leiðir

Markmið sjóðsins er aukin binding kolefnis í gróðri og jarðvegi í þeim tilgangi að draga úr styrk koltvíoxíðs (CO<sub>2</sub>) í andrúmslofti. Sjóðurinn vinnur að þessu markmiði með því m.a. að:

- Gefa fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum tækifæri til þess að gerast kolefnishlutlaus.
- Fjármagna aðgerðir til bindingar kolefnis með landgræðslu og skógrækt.
- Stuðla að verndun jarðvegs og gróðurs.
- Stuðla að aukinni vitund almennings og fyrirtækja um losun gróðurhúsalofttegunda.
- Draga úr heildar losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.

### 3. gr. - Stofnfé

Stofnfé sjóðsins kemur að jöfnu frá stofnendum hans og er samtals kr. 647.000,- Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða.

### 4. gr.- Tekjur

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé sem sjóðnum kann að áskotnast. Sjóðurinn aflar fjár með framlögum sem tengjast losun kolefnis, frjálsum framlögum og fjármagnstekjum. Sjóðurinn veitir viðtöku hvers konar gjöfum og framlögum frá einstaklingum, fyrirtækjum og félögum. Nöfn þeirra sem styrkja sjóðinn skulu færð í sérstaka nafnaskrá sem er í vörslu stjórnar hans.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á vörslu eigna hans, en henni er heimilt að semja við viðurkennda fjármálastofnun um að annast fjárvörslu og ávöxtun sjóðsins.

### 5. gr. - Stjórn

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Stjórnir Landverndar og Skógræktarfélags Íslands skipa hvor um sig tvo stjórnarmenn og koma sér saman um tilnefningu fimmta stjórnarmanns. Náist ekki samkomulag um tilnefningu fimmta stjórnarmanns skal óskað eftir að dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur tilnefni hann. Skipunartími stjórnar er þrjú ár í hvert sinn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Stjórnin skiptir með sér verkum og velur úr sínum hópi formann, varaformann, ritara og gjaldkera.

Stjórnarmenn skulu ekki hljóta þóknun fyrir stjórnarstörf sín.

Stjórnin stýrir málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hans hönd. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sjóðsins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn skal leitast við að efla sjóðinn eftir fremsta megni. Stjórninni ber að hafa jafnvægi milli tekna og gjalda og haga úthlutunum þannig að binding kolefnis standist fyrirheit og fái vottun frá viðurkenndum aðila.

Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórn sjóðsins getur veitt prókúruumboð fyrir sjóðinn eða ákveðið að fela þriðja aðila umsýslu hans eða afmörkuð verkefni. Allar meiriháttar ákvarðanir skal þó ávallt bera undir stjórn enda ber hún ábyrgð á rekstri hans.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda og stýrir fundi. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri sé hann starfandi. Stjórnarfundur er lögmatgur ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tók á að fjalla um málið sé þess nokkur kostur.

Við ákvarðanir sjóðsstjórnar ræður einfaldur meirihluti stjórnarmanna. Fundargerðir stjórnar og allar ákvarðanir hennar skulu skráðar í sérstaka gerðarbók, sem stjórnin varðveitir. Reglur stjórnsýsluréttar um sérstakt hæfi skulu gilda um stjórnarmenn við afgreiðslu mála.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar og skal bera þær undir stjórnir Landverndar og Skógræktarfélagis Íslands til samþykkis.

#### **6. gr. – Útgjöld sjóðsins**

Við úthlutanir úr sjóðnum skal gæta þeirra markmiða sem fram koma í 2. grein skipulagsskrár þessarar.

Tekjum sjóðsins skal varið til skógræktar á svæðum þar sem gerðir eru langtímasamningar um kolefnisbindingu. Þar skal vera trygging fyrir því að sjóðurinn fái bætur ef binding skerðist á samningstímanum vegna breyttra landnota.

Stjórn sjóðsins skal setja nánari reglur um styrkveitingar, m.a. um skilyrði úthlutunar og auglýsingar, í starfsreglum sínum.

Stjórn sjóðsins hefur heimild til að ráðstafa fjármunum til reksturs sjóðsins, markaðssetningar og kynningar.

#### **7. gr. - Ársreikningur**

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Sjóðsstjórn skal semja ársreikning fyrir 1. júní ár hvert og skal hann endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda.

Reikninga og skilagrein um ráðstöfun fjármuna og kolefnisbókhald skal leggja fyrir aðalfundi Landverndar og Skógræktarfélagis Íslands og birta á heimasíðum þeirra.

Endurskoðendur sjóðsins afla vottarða upplýsinga um umfang gróðursetninga og mæling kolefnisbindingar fer fram á fimm ára fresti. Leita skal til landupplýsingasviðs Landgræðslu ríkisins og Íslenskrar skógarúttektar á Rannsóknarstöð skógræktar ríkisins eða annarra viðurkenndra aðila á sviði landupplýsinga og skógmælinga.

### 8. gr. – Breyting á skipulagsskrá

Stjórn sjóðsins getur með einróma samþykki sínu breytt ákvæðum skipulagsskrár þessarar telji hún það nauðsynlegt vegna breyttra aðstæðna.


Með einróma ákvörðun stjórnar og að fengnu samþykki stjórna Landverndar og Skógræktarfélags Íslands er heimilt að leggja sjóð þennan niður. Verði sjóðurinn lagður niður skal eignum hans ráðstafað á þann hátt sem að mati stjórnar þjónar best tilgangi hans.

### 9. gr. - Staðfesting

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari svo og breytingum, sem verða kunna á henni, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Reykjavík, 06.06.06.

F.h. Landverndar

  
Form.stjórnar Landverndar  
Björgólfur Thorsteinsson

F.h. Skógræktarfélags Íslands

  
Form. stjórnar Skógræktarfélags Íslands  
Magnús Jóhannesson

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,

2006.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15 júní 2006

  
  
Björninn - kuzad